

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um grænar fjárfestingar ríkisins.

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.

1. Hversu hátt hlutfall af fjárfestingum ríkisins telst vera grænar fjárfestingar í þeim skilningi að þær eru til þess fallnar að draga úr losun mengandi gróðurhúsalofttegunda, vernda vistkerfi eða stuðla með öðrum hætti að því að Ísland uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði loftslagsmála? Hver er fjárhæð þeirra fjárfestinga?
2. Hversu hátt hlutfall af fjárfestingum ríkisins telst ekki vera grænar fjárfestingar í framangreindum skilningi? Hver er fjárhæð þeirra fjárfestinga?

Skriflegt svar óskast.

